

## 6.Íslenska

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,</li> <li>lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,</li> <li>lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,</li> <li>beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>velur sér lesefni og les í yndislestri heima og í skóla,</li> <li>þjálfar hraða og lesskilning í skólanum með paralestri og gagnvirkum lestri,</li> <li>skrifar umsögn um barna og unglingabækur sem lesnar eru heima og í skólanum og kynnir fyrir öðrum,</li> <li>les valdar þjóðsögur, sögulega skáldsögu, Íslendingasögu, smásögur og ljóð og skoðar innihald og form undir leiðsögn kennara,</li> <li>vinnur með fjölbreytt form ljóða og verkefni tengd rými, ljóðstöfum, hrynjandi og boðskap.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bókmenntir fyrir börn og unglinga, skáldsögur, þjóðsögur og ævintýri, smásögur og ljóð af safni skólans og að heiman,</li> <li>sérstakir bókaflókkar af skólasafni til lestrarþjálfunar,</li> <li>Snorra saga eftir Þórarin Eldjárn - Sturlungaöldin</li> <li>Egla, skólabókarútgáfa</li> <li>Orðspor 2, grunnbók.</li> <li>Ýmsar ljóðabækur og verkefni</li> <li>Ljóðaleikur af Skólavef</li> <li>Verkefni um nútíma dægurlög.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hraðlestrarpróf í september, janúar og maí,</li> <li>lesskilningspróf í október og apríl,</li> <li>bókakynningar. Nemendur kynna bækur og lesa texta fyrir hópinn.</li> <li>Ljóðakynningar</li> </ul>
Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>kynnir verkefni sín einstaklingslega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Valdar sögur og ljóð af kennara eða nemenda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynningar á verkefnum, upplestur á eigin texta,</li> </ul>

<p>haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,</li> <li>átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<p>og með öðrum,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tekur þátt í umræðum, hlustar og tjáir skoðanir sínar á bekkjarfundum,</li> <li>stundar samvinnunámi og þjálfast í að segja frá vinnu og verkefnum hópsins,</li> <li>æfir upplestur á bundnum og óbundnum texta og les upp fyrir samnemendur og kennara,</li> <li>hlustar á mismunandi texta úr völdu efni og tekur þátt í að ræða innihald þess,</li> <li>hlustar og horfir á aðra tala, syngja, spila eða lesa upp bæði í kennslustundum og á viðburðum skólans.</li> </ul>	<p>sjálfum ásamt frumsömdu efni,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Upplestur úr kennslubókum og hlustun á aðra að kynna og lesa texta um ýmis efni,</li> <li>Kynning á eigin verkefnum með aðstoð t.d. skjávarpa bæði í bókmenntum, ritlist, samfélagsfræði o.fl.</li> </ul>	<p>flutningur ljóða og ýmiss konar texta,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>hlustun á texta sem síðan er endursagður með eigin orðum, áhorf , t.d. bíómynd, og síðan greint frá efninu, munnlega eða skriflega</li> <li>framkoma, framsetning máls og virkni í umræðum á bekkjarfundum og í smærri hópum þar sem rætt er um ákveðin málefni, t.d. í samvinnunámi.</li> </ul>
---	---	---	---

<b>Námsþáttur: Ritun</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,</li> <li>samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfast í að skrifa mismunandi gerð texta, s.s. sögur, fréttir og frásagnir,</li> <li>semur texta um fjölbreytt efni þar sem sköpun og ritþjálfun helst í hendur,</li> <li>fær tækifæri til að lesa upp frumsamda texta sína og deila</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ritun tengd ýmsu öðru sem verið er að fást við, t.d. í lífsleikni,</li> <li>Fjölbreytilegar aðferðir notaðar sem kveikjur, t.d. hugstormun, orðaleit, orð af orði, heimsókn út fyrir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Einstaklings- og hópverkefni þar sem vinna þarf upp úr heimildum, orða fyrirmæli, búa til spurningar úr texta, umorða texta, semja texta,</li> <li>Einstaklingsverkefni, próf þar sem orð eru skrifuð eftir</li> </ul>

<p>eða leyfa öðrum að lesa,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hefur náð valdi á þeimskrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.</li> </ul>	<p>sköpun með öðrum,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fær markvissa þjálfun í stafsetningu,</li> <li>• þjálfast í að skrifa sögur og fleiri verkefni á tölvu, setja rétt upp með greinaskilum og myndskreytingum eftir tilefni,</li> <li>• vinnur heimildaritgerð í samvinnu við safnkennara og lærir að vísa til heimilda.</li> </ul>	<p>skólann, listviðburðir o.fl.,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Umræður í bekk um tiltekið efni notað sem kveikja að ritunarverkefni, hugtakakort,</li> <li>• Orðspor 2 grunnbók og vinnubók,</li> <li>• Mál í mótun,</li> <li>• Heimildavinna samþætt við samfélagsfræði</li> </ul>	<p>upplestri, tvisvar á hvorri önn,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Uppsetning, framsetning og frágangur einstaklings- og/eða hópverkefna sem byggja á heimildavinnu,</li> </ul>
<p><b>Námsþáttur: Málfræði</b></p>			
<p><b>Hæfniviðmið</b></p>	<p><b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b></p>	<p><b>Viðfangsefni/efnisval</b></p>	<p><b>Námsmat</b></p>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,</li> <li>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• horfir á valda þætti af Orðbragði á mms.is.</li> <li>• eykur orðaforða með lestri góðra bóka, orðasöfnun, orðaleikjum, orðabókavinna o.m.fl.,</li> <li>• fær leiðsögn og vinni verkefni bæði úr námsbókum og af netinu til að þjálfra færni í íslenskrí málfræði, s.s. orðflokkgreiningu o.m.fl.,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Málrækt 2</li> <li>• Verkefni/þættir af mms.is</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• verkefni í þeim þáttum sem farið er í á hverjum tíma</li> </ul>

## 6. Stærðfræði

Námsþáttur: Að geta spurt og svarað með stærðfræði			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn inn í hvers konar svara má vænta,</li> <li>sett fram óformleg og einföld formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.</li> </ul>	<p>Nemandi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>vinnur ýmsar þrautir úr námsefninu í samvinnu við aðra nemendur og beitir eigin túlkun og innsæi,</li> <li>vinnur með samnemendum við að leysa þrautir og útskýrir lausnir sínar fyrir öðrum,</li> <li>fylgist með þegar kennari eða nemandi leysir stærðfræðiverkefni og fær tækifæri til að spyrja spurninga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Myndrit, teikningar, töflur og reiknilíkön, m.a. úr dagblöðum, kennslubókum og af netinu,</li> <li>stærðfræðiþrautir og leikir,</li> <li>ýmiss konar hlutir úr nánasta umhverfi, úti og inni, notaðir til að útskýra stærðfræðina og setja fram munnleg og skrifleg rök.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samvinna</li> <li>Virgni í tímum</li> <li>Kaflapróf</li> <li>Námsmatsverkefni</li> <li>Verkefnavinna</li> </ul>
Námsþáttur: Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,</li> <li>Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>lýsir fyrir hóp hvernig hann leysir stærðfræðiþraut. Lýsir skriflega hvernig leysa á stærðfræðidæmi,</li> <li>leysir verkefni sem krefjast þess að hann þýði daglegt mál yfir á táknmál stærðfræðinnar og öfugt,</li> <li>þjálfast í að nota einföld hjálpargögn við vinnu sína, s.s. vasareikni, gráðuboga, hringfara, og nota tölvur til uppsetninga á</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölbreytileg viðfangsefni í tölum og reikningi, algebru, rúmfræði og mælingum, tölfræði og líkindum (sjá hér aftar),</li> <li>verkefni sem krefjast notkunar á hlutbundnum hjálpartækjum s.s. tölvu til rannsókna á viðfangsefnum,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samvinna</li> <li>Virgni í tímum</li> <li>kaflapróf</li> <li>Námsmatsverkefni</li> <li>verkefnavinna</li> </ul>

	myndritum.	vasareikni, reikniritum, gráðuboga, hringfara, og einnig óhlutbundnum s.s. talnalínu, töflum, kvörðum og öðru sem við á.	
<b>Námsþáttur: Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því meðal annars að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur með samnemendum við að finna lausnir á stærðfræðiprautum með því að rannsaka og rökræða bestu leiðir að lausn.</li> <li>• leysir orðadæmi og verkefni í samfeldu máli, æfist í að þýða orð og hugtök á táknmál stærðfræðinnar og öfugt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti,</li> <li>• Stærðfræðiprautir / hópvinna.</li> <li>• Stærðfræðispil</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni í tímum</li> <li>• kaflapróf</li> <li>• Námsmatsverkefni</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Tölur og reikningur</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,</li> <li>• reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum,</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur hlutbundið með stærðir og brot.</li> <li>• spilar og vinnur ýmis verkefni tengd tugakerfi, almennum brotum, tugabrotum og reikniaðgerðunum fjórum,</li> <li>• vinnur með algengar reiknireglur eins og víxlreglu og dreifireglu,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tugakerfið, námundun, samlagning og frádráttur, negatífar tölur, margföldun, deiling, tugabrot á talnalínu, tíundu-, hundraðs- og þúsundhlutar, slumpreikningur,</li> <li>• almenn brot, samnefnd og ósamnefnd brot, samlagning og frádráttur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni í tímum</li> <li>• kaflapróf</li> <li>• Námsmatsverkefni</li> <li>• verkefnavinna</li> </ul>

útreikningum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hefur greiðan aðgang að helstu hjálpargögnum og tækjum til stærðfræðináms og lærir að nýta sér þau.</li> </ul>	með almennum brotum.	
<b>Námsþáttur: Algebra</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur verkefni tengd mynstri bæði hlutbundið og í vinnubók.</li> <li>• vinnur verkefni þar sem hann þarf að nota eða finna óþekktar stærðir með óformlegum aðferðum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• talnamynstur, verkefni með óþekktum stærðum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni í tímum</li> <li>• kaflapróf</li> <li>• Námsmatsverkefni</li> <li>• verkefnavinna</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Rúmfræði og mælingar</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði,</li> <li>• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.</li> <li>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur hlutbundin verkefni með ýmiskonar mælingum s.s. lengdar-, flatarmáls-, ummáls- og rúmmáls-mælingum.</li> <li>• kynnist eiginleikum og einkennum ýmissa forma og hannar og býr þau til.</li> <li>• lærir að nota gráðuboga til að mæla horn og geri greinarmun á hvössum, gleiðum og réttum hornum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna, mælingar og útreikningar með þyngd, yfirborðsflatarmál, rúmmál ferstrendinga, tíma, þrívídd, fjarvídd, strendinga og píramída, trapisu, samsíðung, tígul, hornalínur, mismunandi gerðir þríhyrninga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni í tímum</li> <li>• Kaflapróf</li> <li>• Námsmatsverkefni</li> <li>• Verkefnavinna</li> </ul>

Námsþáttur: Tölfræði og líkindi			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum</li> <li>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• reiknar einfaldar líkur og vinnur með líkur í daglegu lífi, spila og gera einfaldar tilraunir</li> <li>• túlkar og setur fram upplýsingar í töflum og myndritum</li> <li>• vinnur myndrit í tölvum eftir tölulegum upplýsingum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið með einfaldar tilraunir og mögulegar útkomur, líkur frá 0-1, líkur í spilum, líkur í daglegu lífi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni í tímum</li> <li>• Kaflapróf</li> <li>• Námsmatsverkefni</li> <li>• Verkefnavinna</li> </ul>

## 6. Enska

Námsþáttur: Hlustun			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum.</li> <li>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum. hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,</li> <li>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlustar á nemendur ræða á ensku og tekur þátt í samtali.</li> <li>• segir frá efni sem horft eða hlustað er á í kennslustund og tjáir skilning á því efni.</li> <li>• fylgir fyrirmælum og leiðbeiningum á ensku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlustunaræfingar úr bók og efni á netinu.</li> <li>• Myndefni og tónlist.</li> <li>• Samtöl í kennslustund.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefnavinna</li> <li>• Umræður og þátttaka</li> </ul>

Námsþáttur: lesskilningur			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,</li> <li>fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>les smásögur og einfalda texta.</li> <li>tileinkar sér ný orð.</li> <li>nýtir upplýsingar úr texta til skilningsauka og frásagnar.</li> <li>leysir verkefni með því að tjá skilning sinn á lesefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesefni úr námsbók (<i>Yes we can</i>).</li> <li>Verkefnabækur þar sem stuðst er við stuttan texta til úrlausnar.</li> <li>Lesefni og verkefni á netinu.</li> <li>Lesbók að eigin vali.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnavinna</li> <li>Lesskilningsverkefni</li> <li>Upplýsingaleit</li> <li>Ritun</li> </ul>
Námsþáttur: Samskipti			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat
<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,</li> <li>skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,</li> <li>tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spyr aðra nemendur spurninga á ensku og svarar.</li> <li>tekur þátt í umræðum í kennslustund.</li> <li>leysir verkefni þar sem gengið er út frá samtalsæfingum.</li> <li>lýsir hlutum og skýrir frá athöfnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samtalsæfingar og viðtöl.</li> <li>Frásagnir og lýsingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þátttaka og virkni í kennslustund.</li> <li>Samtalsæfingar.</li> </ul>
Námsþáttur: Frásögn			
Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat



<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningu hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.</li> <li>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur tækifæri til að æfa.</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• segir frá efni með skilmerkilegum hætti.</li> <li>• lýsir ákveðnu samhengi í sögu eða myndefni.</li> <li>• segir frá reynslu sinni og tjáir áhugamál sín.</li> <li>• les upp texta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Smásögur.</li> <li>• Námsbók (<i>Yes we can</i>).</li> <li>• Myndefni og tónlist.</li> <li>• Hlustun og framsögn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ritun, upplestur og framsögn.</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Ritun</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,,</li> <li>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,</li> <li>• samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifar stök orð og stuttar setningar.</li> <li>• skrifar texta að fyrirmynd.</li> <li>• nýtir sér ný orð í ritun.</li> <li>• leysir einföld ritunarverkefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námsbók (<i>Yes we can</i>).</li> <li>• Verkefnabækur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ritunarverkefni.</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Menningarläsi</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða,</li> <li>• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í ensku eru lík og</li> </ul>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leysir verkefni þar sem gengið er út frá kortum og leiðbeiningum.</li> <li>• parar saman ólík orð.</li> <li>• nýtir afþreyingarefni til úrlausna í</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kort og leiðbeiningar.</li> <li>• Myndræn útfærsla á orðsifjafræði (með Google leit).</li> <li>• Myndefni og afþreyingarefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefnavinna.</li> </ul>

skyld öðrum orðum sem hann þekkir.	verkefnavinnu.	á netinu.	
<b>Námsþáttur: Náms hæfni</b>			
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<b>Nemandi geti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,</li> <li>• beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur á,</li> <li>• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,</li> <li>• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingaforrit og leitarvélar.</li> </ul>	<b>Nemandi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir sér tæki til upplýsingaleitar.</li> <li>• aflar sér orðaforða og tileinkar sér skilning á nýjum orðum með því að nýta sér orðabækur, leitarvélar o.fl.</li> <li>• metur eigin árangur í námi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðabækur.</li> <li>• Forrit og rafrænt efni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þátttaka, virkni og útsjónarsemi.</li> </ul>

## 6.Náttúrugreinar

<b>Námsþáttur: Geta til aðgerða</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• umræður,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• einstaklings-og hópavinna</li> <li>• heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>	Auðvitað Mannlíkaminn Sólkerfið Loftslag og veður Ytri og innri öfl jarðar Fræðslumyndir.	Nemendur leita upplýsinga á vefnum, vedur.is,google earth og stjornufræðivefnum.is til að leysa verkefni.

			Leiðsagnar-og lokamat.
<b>Námsþáttur: Nýsköpun og hagnýting þekkingar</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkaskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi, fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• sköpun,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• framsögn, hlustun og taka þátt í umræðum undir leiðsögn kennara,</li> <li>• verklegar æfingar,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• skráning,</li> <li>• einstakling-, para-og hópavinna,</li> <li>• heimilda og upplýsingaöflun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíkaminn</li> <li>• Auðvitað</li> <li>• Sólkerfið</li> <li>• Loftslag og veður</li> <li>• Ytri og innri öfl jarðar.</li> </ul>	<p>Nemendur gera eftirlíkingu af sólkerfinu, reikna út stærð sólar og reikistjarna og fjarlægð milli þeirra í réttum hlutföllum. Nemendur fara svo á rölt um sólkerfi, ganga frá sólu til reikistjarnanna og kynna reikistjörnurnar.</p> <p>Hópavinna metin. Leiðsagnar-og lokamat.</p>
<b>Námsþáttur: Gildi og hlutverk vísinda</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,</li> <li>• lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,</li> <li>• útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• hlustun,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• ritun,</li> <li>• heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíkaminn</li> <li>• Auðvitað</li> <li>• Sólkerfið</li> <li>• Loftslag og veður</li> <li>• Ytri og innri öfl jarðar</li> <li>• Fræðslumyndir.</li> </ul>	<p>Nemendur búa til margmiðlunarverkefni (glæruverkefni) þar sem þeir nota gögn, vefi og forrit sem sýna líkön af alheiminum.</p> <p>Hópavinna metin. Leiðsagnar-og lokamat.</p>
<b>Námsþáttur: Ábyrgð á umhverfinu</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• ritun,</li> <li>• hugtakakort,</li> <li>• skráning,</li> </ul>		<p>Nemendur vinna verkefni þar sem skoðað er hvaða áhrif framkvæmdir og neysla hafa á náttúruna og eigið heilbrigði.</p>

<p>fram tíðinni,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• einstakling-, para- og hópavinna,</li> <li>• heimilda- og upplýsingaöflun.</li> </ul>		Leiðsagnar- og lokamat.
<b>Námsþáttur: Vinnubrögð og færni</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,</li> <li>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• hugtakakort,</li> <li>• ritun,</li> <li>• tölvuverkefni,</li> <li>• skoða vefi og horfa fræðslumyndir,</li> </ul> <p>heimilda- og upplýsingaöflun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíkaminn</li> <li>• Auðvitað</li> <li>• Sólkærfið</li> <li>• Loftslag og veður</li> <li>• Ytri og innri öfl jarðar</li> <li>• Fræðslumyndir</li> </ul>	<p>Nemendur lesa texta um náttúruvísindi, ýmist með gagnvirkum lestri eða einstaklingslega, vinna með hugtök, gera verkefni úr texta og taka próf.</p> <p>Leiðsagnar- og lokamat.</p>
<b>Námsþáttur: Að búa á jörðinni</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum,</li> <li>• útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist,</li> <li>• lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi,</li> <li>• útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður,</li> <li>• notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• umræður,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• líkön,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• verklegar æfingar,</li> <li>• skýrsla,</li> <li>• einstaklings- og hópavinna,</li> </ul> <p>heimilda- og upplýsingaöflun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Náttúrulega 2 <ul style="list-style-type: none"> <li>• lífverur</li> <li>• líkaminn</li> <li>• heimur vísindanna</li> <li>• geimurinn</li> <li>• sjór, vatn og frumefni</li> </ul> </li> <li>• Fræðslumyndir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna verkefni verkleg og skrifleg þar sem þeir lýsa eigin athugunum.</li> <li>• Nemendur lesa um jarðsögu Íslands og vinna verkefni úr texta og taka próf.</li> <li>• Nemendur lesa texta um veður í heimabyggð og loftslag á Íslandi, vinna verkefni úr texta og taka próf.</li> <li>• Nemendur nota vafrann Google Earth og kort til að finna byggileg landsvæði og</li> </ul>

heimabyggð,landinu í heild og völdum svæðum heimsins.			lýsa hvernig búsetuskilyrði og lífsafkoma er mismunandi eftir hnattstöðu og landslagi.  • Leiðsagnar-og lokamat.
<b>Námsþáttur: Lífsskilyrði manna</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,</li> <li>útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er,</li> <li>útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu,</li> <li>lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kveikja,</li> <li>fræðslumyndir,</li> <li>vefir</li> <li>umræður,</li> <li>rannsóknarvinna,</li> <li>lestur,</li> <li>glæruverkefni unnin í tölvu,</li> <li>leikir,</li> <li>verklegar æfingar,</li> <li>einstaklings-og hópavinna,</li> </ul> heimilda-og upplýsingaöflun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mannlíkaminn</li> <li>Fræðslumyndir</li> <li>Vefefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur vinna verkefni skrifleg og munnleg úr námsbóka texta og gera glæruverkefni um líffærakerfi og kynna fyrir hópnum.</li> <li>Nemendur gera verkefni um fæðuflokkana og tengsl þeirra við byggingarefni líkamans og heilsu.</li> <li>Nemendur vinna verkefni skrifleg og munnleg úr námsbóka texta um kynþroskaskeiðið og fá kynbundna fræðslu hjá hjúkrunarfræðingi.</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Náttúra Íslands</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>Útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lestur,</li> <li>áhorf,</li> <li>fræðslumyndir,</li> <li>tölvuverkefni,</li> <li>heimildaverkefni</li> <li>einstaklings-og hópavinna,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Loftslag og veður</li> <li>Ytri og innri öfl jarðar</li> <li>Fræðslumyndir.</li> <li>Lífið í fersku vatni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur gera verkefni um náttúruhamfarir á Íslandi og fræðast um varnir gegn þeim sbr. snjóflóðagarða og hvernig bera eigi sig að í jarðskjálfta.</li> <li>Leiðsagnar-og lokamat.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>		
<b>Námsþáttur: Heilbrigði umhverfisins</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lestur,</li> <li>lestur,</li> <li>einstaklings-og hópavinna,</li> <li>tölvuverkefni,</li> <li>heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Loftslag og veður</li> <li>Innri og ytri öfl jarðar</li> <li>Fræðslumyndir og vefefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur læra gera verkefni um náttúruhamfarir á Íslandi og fræðast um varnir gegn þeim sbr. snjóflóðagarða og hvernig bera eigi sig að í jarðskjálfta.</li> <li>Leiðsagnar-og lokamat.</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>töflur og myndrit,</li> <li>lestur,</li> <li>einstaklings-og hópavinna,</li> <li>heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Næringarfræði</li> <li>Lífsskilyrði</li> <li>Unnið í samvinnu við heimilisfræði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur gera verkefni um næringargildi fæðuflokkana og ræða og skoða hvaða grænmetis-og dýraafurðir séu hentugar til ræktunar á Íslandi með tilliti til loftslags og landsgæða s.s. vatns, birtu og hita í jörðu.</li> </ul>
<b>Námsþáttur: Geta til aðgerða</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>
Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kveikja,</li> <li>umræður,</li> <li>áhorf,</li> <li>margmiðlunarverkefni,</li> <li>einstaklings-og hópavinna</li> <li>heimilda-og upplýsingaöflun.</li> </ul>	Mannslíkaminn Sólderfið Loftslag og veður Ytri og innri öfl jarðar Fræðslumyndir.	Nemendur leita upplýsinga á vefnum, vedur.is,google earth og stjornuframvefnum.is til að leysa verkefni.  Leiðsagnar-og lokamat.
<b>Námsþáttur: Nýsköpun og hagnýting þekkingar</b>			
<b>Hæfniviðmið um verklag</b>	<b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b>	<b>Viðfangsefni/ efnisval</b>	<b>Námsmat</b>

<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkspítri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi, fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• sköpun,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• hlustun og taka þátt í umræðum undir leiðsögn kennara,</li> <li>• verklegar æfingar,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• skráning,</li> <li>• einstakling-, para-og hópavinna,</li> <li>• heimilda og upplýsingaöflun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíkaminn</li> <li>• Sólkerfið</li> <li>• Loftslag og veður</li> <li>• Ytri og innri öfl jarðar.</li> </ul>	<p>Nemendur gera eftirlíkingu af sólkerfinu, reikna út stærð sólar og reikistjarna og fjarlægð milli þeirra í réttum hlutföllum. Nemendur fara svo á rölt um sólkerfi, ganga frá sólu til reikistjarnanna og kynna reikistjörnurnar.</p> <p>Leiðsagnar-og lokamat.</p>
<p><b>Námsþáttur: Gildi og hlutverk vísinda</b></p>			
<p><b>Hæfniviðmið um verklag</b></p>	<p><b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b></p>	<p><b>Viðfangsefni/ efnisval</b></p>	<p><b>Námsmat</b></p>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,</li> <li>• lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,</li> <li>• útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• hlustun,</li> <li>• lestur,</li> <li>• margmiðlunarverkefni,</li> <li>• ritun,</li> <li>• skýrslur,</li> <li>• hugtakakort,</li> </ul> <p>heimilda-og upplýsingaöflun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíkaminn</li> <li>• Sólkerfið</li> <li>• Loftslag og veður</li> <li>• Ytri og innri öfl jarðar</li> <li>• Fræðslumyndir.</li> </ul>	<p>Nemendur búa til margmiðlunarverkefni (glæruverkefni) þar sem þeir nota gögn, vefi og forrit sem sýna líkön af alheiminum, Íslandi og mannlíkamanum kynna fyrir hópnum.</p> <p>Nemendur taka viðtal við eldri borgara og bera saman líf fólks fyrir tíma tölvutækninnar og nú.</p> <p>Leiðsagnar-og lokamat.</p>
<p><b>Námsþáttur: Ábyrgð á umhverfinu</b></p>			
<p><b>Hæfniviðmið um verklag</b></p>	<p><b>Leiðir að hæfniviðmiðum</b></p>	<p><b>Viðfangsefni/ efnisval</b></p>	<p><b>Námsmat</b></p>
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kveikja,</li> <li>• áhorf,</li> <li>• ritun,</li> <li>• hugtakakort,</li> </ul>		<p>Nemendur gera verkefni þar sem þeir leita heimilda og bera saman myndir og frásagnir af Skólavörðuholtinu um miðja 20.</p>

